

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2024

2024/EES/52/12

frá 15. mars 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2782 frá 14. desember 2023 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2783 frá 14. desember 2023 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi plöntueiturs í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2015/705 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdareglugerð (ESB) 2023/2782 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.
- 4) Framkvæmdareglugerð (ESB) 2023/2783 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/705 ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 54zzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006):
„32023 R 2782: Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2782 frá 14. desember 2023 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 (Stjtið. ESB L, 2023/2782, 15.12.2023).“
2. Í stað texta liðar 54zzzn (fallinn brott) kemur eftirfarandi:
„32023 R 2783: Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2783 frá 14. desember 2023 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi plöntueiturs í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2015/705 (Stjtið. ESB L, 2023/2783, 15.12.2023).“
3. Texti 108. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/705) fellur brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2782, 15.12.2023.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2783, 15.12.2023.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 113, 1.5.2015, bls. 29.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2782 og (ESB) 2023/2783, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.